

Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald 2023-2028

1. grein.

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapáttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðinni er ætlað að stuðla að auknum jöfnuði félaga gagnvart ferðakostnaði.

2. grein.

Ferðapáttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla og 5. deild karla. Ferðapáttökugjaldið skal reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs. Við útreikninga skal miða við kílómetragjald sem stjórn KSÍ ákveður fyrir keppnislið í heild sinni. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðarinnar.

3. grein

Við útreikning kostnaðar hvers liðs skal miða við vinnureglur ÍSÍ um úthlutun úr Ferðasjóði Íþróttafélaga þar sem m.a. er kveðið á um að einungis ferðir sem mælast 150 km eða meira aðra leið, teljist styrkhæfar ferðir. Ferðir eru reiknaðar í fjarlægðum, út frá aðsetri viðkomandi liðs og að keppnisstað.

Miða skal við eftirfarandi stuðla í útreikningi ferðajöfnunargjalds:

Landsbyggð	Stuðull
Austurland	1,00
Vestfirðir	1,00
Norðurland	0,90
Suðurland	0,75
Snæfellsnes	0,75
Höfuðborgarsvæðið	0,60

4. grein.

Tölulegar forsendur til útreiknings ferðajöfnunar fyrir keppnistímabilin 2023-2028 skulu vera eftirfarandi:

Keppnistímabilin 2023 og 2024:

- Viðmiðunargjald er kr. 300,- pr. kílómetra
- Ferðapáttökugjald hvers aðildarfélags, sem greiðist til KSÍ, er kr. 160.000,-
- Nettókostnaður hvers aðildarfélags umfram kr. 160.000,- verður greiddur af KSÍ til aðildarfélaga, en þó getur heildargreiðsla til aðildarfélaga ekki orðið hærri en kr. 22.000.000,- (um 18% hækkun á milli ára). Ef samtals reiknaðar greiðslur til aðildarfélaga eru hærri en kr. 22.000.000,- skal breyta viðmiðunargjaldi pr. kílómetra sem þessum mun nemur.

Keppnistímabilin 2025 og 2026:

- Viðmiðunargjald er kr. 310,- pr. kílómetra.
- Ferðapáttökugjald hvers aðildarfélags, sem greiðist til KSÍ, er kr. 170.000,-.
- Nettókostnaður hvers aðildarfélags umfram kr. 170.000,- verður greiddur af KSÍ til aðildarfélaga, en þó getur heildargreiðsla til aðildarfélaga ekki orðið hærri en kr. 23.000.000,- (um 4% hækkun á milli ára). Ef samtals reiknaðar greiðslur til aðildarfélaga eru hærri en kr. 23.000.000,- skal breyta viðmiðunargjaldi pr. kílómetra sem þessum mun nemur.

Keppnistímabilin 2027 og 2028:

- Viðmiðunargjald er kr. 320,- pr. kílómetra
- Ferðapáttökugjald hvers aðildarfélags, sem greiðist til KSÍ, er kr. 180.000,-.

- Nettókostnaður hvers aðildarfélags umfram kr. 180.000,- verður greiddur af KSÍ til aðildarfélaga, en þó getur heildargreiðsla til aðildarfélaga ekki orðið hærri en kr. 24.000.000,- (um 4% hækkun á milli ára). Ef samtals reiknaðar greiðslur til aðildarfélaga eru hærri en kr. 24.000.000,- skal breyta viðmiðunargjaldi pr. kílómetra sem þessum mun nemur.

5. grein.

Ferðapáttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 15. maí ár hvert. Greiði félag ekki ferðapáttökugjald innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000,- pr. dag frá 17. maí til greiðsludags. Félög sem eignast inneign skulu fá hana greidda skv. útreikningi mótanefndar og er gjalddagi þeirra greiðslna eigi síðar en 1. júní og 1. nóvember ár hvert.

Samþykkt af stjórn KSÍ þann 10. janúar 2023